

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Seiluhreppi, Skagafjarðarsýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Seiluhreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. júní 1969.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 199.

25. júní 1969.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 243 4. september 1968, um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.****1. gr.**

Í stað orðanna: „Undanskilin ákvæðum laganna er flökuð síld í hvers konar umbúðum með allt að 15 kg nettóinnihaldi af síld“ í 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar, komi: Undanskilin ákvæðum laganna er söltuð síld í hvers konar umbúðum með allt að 3 kg nettóinnihaldi af síld.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62 21. apríl 1962 um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar til að öðlast þegar gildi og birtist, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 25. júní 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 200.

25. júní 1969.

REGLUGERÐ**um rekstrarstyrk ríkissjóðs til sjúkrahúsa sveitarfélaga vegna ársins 1968.****1. gr.**

Ríkissjóður greiðir sérstakan styrk vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1969, er miðast við legudagafjölda 1968.